

**Flensborgarskóli**  
02 352

**Ársreikningur 2023**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Flensborgarskóli**  
**kt. 611175-1919**  
**Hringbraut 10, 220 Hafnarfirði**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli sem starfar eftir áfangakerfi. Skólinn á sér langa og merka sögu allt aftur á 19. öld, en frá árinu 1975 hefur hann verið framhaldsskóli. Flensborgarskólinn er með elstu starfandi skólum á Íslandi, en hann hefur tekið margvíslegum breytingum á langri ævi. Hann var upphaflega stofnaður sem barnaskóli árið 1877, en var breytt í "alþýðu- og gagnfræðaskóla" fimm árum síðar eða árið 1882, en við það ártal hefur aldur skólans oftast verið miðaður.

Í dag er Flensborgarskólinn bóknámsskóli sem leggur áherslu á nám til stúdentsprófs af félagsvísinda-, raunvísinda- og viðskipta- og hagfræðibraut, auk opinnar námsbrautar þar sem nemendur geta hannað sína eigin námsbraut úr námsframboði skólans. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértæktrar námsörðugleika og grunnnám í íslensku fyrir nemendur sem eru með íslensku sem annað móðurmál.

Starfsemin fellur undir málefnavið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 1.277,9 milljónir og afkoma kr. -80,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -190,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 42,6 milljónir.

Starfsemin á árinu 2023 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2023. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Flensborgarskóla fyrir árið 2023 með rafrænni undirritun sinni.

Erla Sigríður Ragnarsdóttir,  
skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.214.367.667	1.203.269.600
Seld vara og þjónusta .....	3	37.565.783	36.690.101
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	17.258.741	6.601.573
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	8.694.031	9.802.141
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.277.886.222</b>	<b>1.256.363.415</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	963.704.885	977.367.600
Annar rekstrarkostnaður .....	6	386.346.860	365.553.923
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		0	46.954
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	8.694.031	9.802.141
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.358.745.776</b>	<b>1.352.770.618</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(80.859.554)</b>	<b>(96.407.203)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	8	14.506.397	11.046.062
Tengdir aðilar .....	9	0	550.000
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	2.622.508	2.104.326
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	25.498.156	33.120.931
<b>Eignir samtals</b>		<u>42.627.061</u>	<u>46.821.319</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	142.948.093	72.425.679
Viðskiptaskuldir .....		18.394.740	17.488.000
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	45.542.606	44.112.433
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	26.064.054	22.258.085
<b>Skuldir samtals</b>		<u>232.949.493</u>	<u>156.284.197</u>
<b>Eignir samtals að frádragnum skuldum samtals</b>		(190.322.432)	(109.462.878)
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	14	(190.322.432)	(109.462.878)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(190.322.432)</u>	<u>(109.462.878)</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>42.627.061</u>	<u>46.821.319</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(80.859.554)	(96.407.203)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	8.694.031	9.802.141
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(8.694.031)	(9.802.141)
		<u>(80.859.554)</u>	<u>(96.407.203)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(518.182)	172.462
Tengdir aðilar .....		82.501.158	118.866.758
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		2.336.913	(14.928.662)
		<u>84.319.889</u>	<u>104.110.558</u>
		<u>3.460.335</u>	<u>7.703.355</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(1.071.256)	(8.987.256)
		<u>(1.071.256)</u>	<u>(8.987.256)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		1.071.256	8.987.256
		<u>1.071.256</u>	<u>8.987.256</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		3.460.335	7.703.355
		<u>11.046.062</u>	<u>3.342.707</u>
		<u>14.506.397</u>	<u>11.046.062</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2023 .....	1.122.200.000	12.500.000	1.134.700.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>1.122.200.000</b>	<b>12.500.000</b>	<b>1.134.700.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	45.100.000		45.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	47.067.667		47.067.667
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>1.214.367.667</b>	<b>12.500.000</b>	<b>1.226.867.667</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022, (umframráðstafað) .....	(109.462.878)	(10.862.846)	(120.325.724)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>1.104.904.789</b>	<b>1.637.154</b>	<b>1.106.541.943</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(1.295.227.221)	(1.071.256)	(1.296.298.477)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2023 .....</b>	<b>(190.322.432)</b>	<b>565.898</b>	<b>(189.756.534)</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað/ 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.



## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2023	2022
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.214.367.667	1.203.269.600
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	8.694.031	9.802.141
	<u>1.223.061.698</u>	<u>1.213.071.741</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.122.200.000	0	0	1.122.200.000
Launabætur .....	45.100.000	0	0	45.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	47.067.667	0	0	47.067.667
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.214.367.667</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.214.367.667</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(1.295.227.221)	0	0	(1.295.227.221)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(80.859.554)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(80.859.554)</b>

	2023	2022
<b>3 Seld vara og þjónusta</b>		
Verksala .....	371.250	420.500
Innritunargjöld .....	8.676.000	7.836.000
Vörusala II .....	10.728.554	11.491.720
Ýmsar þjónustutekjur .....	655.262	502.242
Veitinga- og gistiþjónusta .....	16.659.217	15.911.639
Fræðslustarfsemi og fundir .....	475.500	528.000
	<u>37.565.783</u>	<u>36.690.101</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	2.818.727	1.414.201
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	11.171.343	2.940.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.958.871	1.707.367
Ýmsar tekjur .....	309.800	540.005
	<u>17.258.741</u>	<u>6.601.573</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	779.922.786	796.429.076
Orlof, breyting .....	328.433	(3.437.375)
Launatengd gjöld .....	178.038.762	180.741.693
Starfsmannakostnaður .....	5.414.904	3.634.206
	<u>963.704.885</u>	<u>977.367.600</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	72,0	78,8
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2023	2022
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.210.202	1.880.969
Byggingarvörur, almennar ....	3.366	0
Byggingarvörur, aðrar ....	33.609	0
Ýmis tæki og áhöld ....	355.601	945.058
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	70.502	14.865
Orkugjafir ....	12.794.029	11.532.065
Matvæli ....	16.527.359	14.654.017
Almennar rekstrarvörur ....	2.340.240	2.749.915
Vörukaup, almenn	34.334.908	31.776.889
Kennslu- og föndurvörur ....	1.593.610	1.845.336
Vörukaup, sérgreind	1.593.610	1.845.336
Fundir, námskeið, risna ....	1.091.641	1.220.178
Ferðir, uppihald ....	1.511.756	3.223.587
Akstur ....	1.224.617	629.492
Sérfræðiþjónusta ....	24.892.913	29.714.592
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	236.261	230.351
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	2.119.901	668.422
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	300.842	424.183
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	31.377.931	36.110.805
Samningsbundin kaup og leiga ....	3.108.300	3.108.300
Afnotagjöld ....	6.419.754	4.164.502
Leigugjöld ....	286.401.707	262.173.372
Notkun véla og flutningatækja ....	703.531	1.550.051
Verkkaup ....	22.164.694	20.291.478
Kostnaðarhlutdeild ....	0	6.110.118
Áhættutap og bætur ....	0	56.012
Tryggingar, lögboðnar ....	0	9.374
Opinber gjöld ....	162.879	153.158
Tilfærslur ....	775.000	281.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	319.735.865	297.897.365
Hlutdeild annarra í kostnaði ....	(695.454)	(2.076.472)
Annar rekstrarkostnaður samtals	386.346.860	365.553.923
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	8.498.314	9.606.424
Farartæki og vélar ....	169.428	169.428
Aðrar eignir ....	26.289	26.289
	8.694.031	9.802.141

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>8 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	31.500	38.173
Tékkareikningar .....	14.474.897	11.007.889
	14.506.397	11.046.062

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

	31.12.2023	31.12.2022
<b>9 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar .....	0	550.000
	0	550.000
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	142.427.221	72.079.945
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	520.872	345.734
	142.948.093	72.425.679

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	437.940	315.430
Skattar .....	2.184.568	1.788.896
	2.622.508	2.104.326

### 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	23.035.811	30.462.869
Farartæki og vélar .....	1.070.597	1.240.025
Aðrar eignir .....	1.391.748	1.418.037
	25.498.156	33.120.931

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2023 .....	99.463.103	1.694.296	1.650.989	102.808.388
Viðbætur á árinu .....	1.071.256	0	0	1.071.256
	100.534.359	1.694.296	1.650.989	103.879.644
Afskriftir 01.01.2023 .....	69.000.234	454.271	232.952	69.687.457
Afskrift ársins .....	8.498.314	169.428	26.289	8.694.031
	77.498.548	623.699	259.241	78.381.488
Staða 31.12.2023 .....	23.035.811	1.070.597	1.391.748	25.498.156

## Skýringar

	31.12.2023	31.12.2022
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	44.302.428	43.973.995
Önnur ógreidd gjöld .....	1.240.178	138.438
	45.542.606	44.112.433

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	25.498.156	33.120.931
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	565.898	(10.862.846)
	26.064.054	22.258.085

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2023 .....	33.120.931	(10.862.846)	22.258.085
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	12.500.000	12.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1.071.256	(1.071.256)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(8.694.031)	0	(8.694.031)
	25.498.156	565.898	26.064.054

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 7,7 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2023	31.12.2022
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(109.462.878)	(13.055.675)
Afkoma ársins .....	(80.859.554)	(96.407.203)
Jöfnuður 31.12. ....	(190.322.432)	(109.462.878)

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðinn tíma, ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga og einnig ótímabundna aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 308,3 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 25,1 milljónum og vegna annarra samninga kr. 26,0 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2023.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.